

AUGLÝSING

54

12. apríl

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu bensins og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal bensinskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. maí til 1. september 1944:

A. Fólksbifreiðir:

1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8000	litrar
2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga-bifreiðir	4000	—
3. Leigubifreiðir, þær sem uppfylla ákveðin skilyrði	3500	—
4. Einkabifreiðir:		
a. Læknabifreiðir	1200	—
b. Almenn stærð, 5—6 manna	850	—
c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	500	—
d. Bifhjól	100	—

B. Vörubifreiðir:

1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	4000	—
2. Vörubifreiðir, 1½ tonn	3000	—
3. Vörubifreiðir, ¾ til 1¼ tonn	2000	—
4. Vörubifreiðir, smábifreiðir	800	—

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtunarhefti til annarra nota en bifreiðaksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannlutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

4. gr.

Benzínskömmtunarmiðar, sem menn kunna að eiga ónotaða frá 1. skömmtunartímabili ársins 1944, skulu gilda áfram á 2. skömmtunartímabili 1944.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.